



Skýrsla um jafnréttismál 2020

Efnisyfirlit

Sambætting jafnréttissjónarmiða	1
Ákvörðun MR-SAM um nýja stefnu	2
Sambætting jafnréttis í stýriskjölum og markmiðum	3
Greiningar og þekkingarþörf	4
Kyn og kynjahlutfall í verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar	6
Lokaorð	7
Fylgiskjal/-skjöl	8
Fylgiskjal 1: Dæmi um verkefni sem efla norræna jafnréttissamstarfið 2020	8
Fylgiskjal 2: Verkefni og aðgerðir undir formennsku Danmerkur í MR-JÄM	9
Fylgiskjal 3: Rit sem komu út á árinu 2020 og í lok árs 2019	10
Fylgiskjal 4: Tölfræðilegt yfirlit um kynjahlutfall í norrænu samstarfi	11

Norðurlandaráð hefur óskað eftir skýrslu um störf Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum og sambættingu jafnréttis í norrænu samstarfi. Í skýrslu ársins er gerð grein fyrir vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að sambættingu jafnréttissjónarmiða í stýriskjölum, verkefnaferlum og starfsferlum.

Í Skýrslu um jafnréttismál 2020 kemur fram að jafnréttismál eru enn forgangssvið hjá Norrænu ráðherranefndinni. Fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar vinna með virkum hætti að sambættingu jafnréttissjónarmiða í sínu starfi. Í tengslum við skýrslugerð fagsviðanna um starf þeirra að jafnréttismálum voru fagsviðin sérstaklega beðin að gera grein fyrir markmiðum sínum á sviði jafnréttismála og hvernig unnið væri að sambættingu jafnréttis í verkefnum og verkefnaferlum. Auk þess var óskað eftir tölulegum upplýsingum um kynjahlutfall í verkefnum og verkefnaferlum. Þrettán fagsvið í norrænu samstarfi hafa skilað skýrslu um starf sitt að jafnréttismálum. Fagsvið efnahags- og fjármála hefur ekki greint frá framlagi sínu í starfinu að jafnréttismálum. Ástæðan er að sviðið hefur lítið svigrúm og fjármagn samkvæmt fjárhagsáætlun til að sinna starfinu að jafnréttismálum.

Í fylgiskjali 1 er gerð grein fyrir verkefnum sem efla jafnrétti og hafa verið unnin á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, auk verkefna og aðgerða sem unnið hefur verið að undir formennsku Danmerkur á árinu 2020. Í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir stefnunni um sambættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna í Norrænu ráðherranefndinni. Í fylgiskjali 3 eru tölfræðilegar upplýsingar um kynjahlutföll á fagsviðunum og í embættismannanefndunum. Í fylgiskjali 4 er listi yfir útgefið efni frá árslokum 2019 og árinu 2020 og í fylgiskjali 5 er að finna Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um sambættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna.

Sambætting jafnréttissjónarmiða

Í norrænu samstarfsáætluninni um jafnréttismál fyrir tímabilið 2019-2022 er rík áhersla lögð á að nýta færni og upplifun karla og kvenna, stúlkna og drengja og að tryggja jöfn áhrif þeirra. Meginmarkmiðið er að vinna með skilvirkum og

markvissum hætti að því að takast á við áskoranir á eftirfarandi fjórum áherslusviðum: vinna framtíðarinnar og hagvöxtur; velferð, heilbrigði og lífsgæði; völd og áhrif og jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennsku. Samkvæmt ákvörðun norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) bera öll fagsvið norræns samstarfs ábyrgð á því að móta og ná markmiðum sem byggja á verkefnum hvers fagsviðs um kynjajafnrétti og gefa skýrslu um vinnu sína.

Ákvörðun MR-SAM um nýja stefnu

Á árinu 2020 ákváðu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) að á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar ætti að taka upp stefnu um samþættingu sjónarmiða sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og málefna barna og ungmenna. Þessi sjónarmið eiga að vera sem rauður þráður í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Þau eru af ólíkum toga en skarast þó og bæta hvert annað upp. Sjálfbær þróun er regnhlífarhugtak sem nær einnig til jafnréttismála og málefna barna og ungmenna.

Í stefnunni er varpað ljósi á þær forsendur sem þurfa að vera til staðar svo að framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030 um grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlönd geti orðið að veruleika. Í þeim forsendum felst að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sé sjálfbær, á jafnréttisforsendum, öllum opin, með þátttöku fulltrúa ólíkra hópa og aðgengileg. Í stefnunni er einnig lögð áhersla á að tryggja aðgengi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar á borð við heimsmarkmið SP, Kvennasáttmála SP og Barnasáttmála SP – aðgengi sem er forsenda norrænar sjálfbærniáætlunar fyrir alla.

Að samþætta sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felur í sér að greina starfið jafnt og þétt út frá þessum sjónarmiðum og taka ákvarðanir út frá niðurstöðum slíkrar greiningar. Í framkvæmd getur þetta átt við undirbúning verkefnis eða ráðstefnu, ákvarðanir um forsendur styrkveitinga og útdelingu styrkja, mótun verkefna fyrir samstarfsaðila eða mat á árangri og áhrifum herferðar eða verkefnis. Í samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felst að kynna sér og taka tillit til þess hvernig ákvarðanir og gerðir hafa mismunandi áhrif á konur og karla. Það þýðir að hver og einn á að stuðla að því í sínu starfi að konur og karlar hafi jafnmikið vald til að móta samfélagið og eigið líf.

Til að samþætta megi þessi sjónarmið á jöfnum forsendum í öllum málaflokkum og starfsemi skal hafa til hliðsjónar þessar sameiginlegu grunnreglur samþættingar:

Öll fagsvið og stofnanir skulu:

- tryggja að þau búi yfir nægilegri þekkingu og færni til að starfa eftir stefnunni. Norræna ráðherranefndin vinnur stöðugt að því að tryggja framboð á fræðslu- og stuðningsefni til að þróa þá færni sem þarf til að starfa eftir stefnunni.
- vinna mat á áhrifum og móta markmið fyrir árangur og starfsemi sem nýta má í eigin starfi með hliðsjón af sjálfbærri þróun, jafnrétti og sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna. Norræna ráðherranefndin tryggir að fagsviðin og stofnanirnar fái ráðgjöf í að framkvæma mat á áhrifum og móta markmið. Fagsviðin og stofnanirnar bera ábyrgð á framkvæmdinni.
- samþætta öll sjónarmiðin í stefnumótandi skjölum sínum og stjórnþækjum á kerfisbundinn hátt sem styðji við daglegt starf.
- starfa með markvissum hætti og stuðla að því að efla sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í norrænu samstarfi. Til að tryggja þetta ganga fagsviðin út frá mati sínu á áhrifum eigin starfsemi með hliðsjón af sjálfbærri þróun, jafnrétti og sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna.
- tryggja tímaramma og fjárhagsáætlun á undirbúningsstigi til að greiða fyrir góðri samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna.

- leitast við að jafnt hlutfall karla og kvenna verði í hinum ýmsu nefndum, stýri- og ráðgjafarhópum auk þess að stefna að þaulhugsaðri aðkomu ólíkra hópa á grundvelli annarra fjölbreytileikaskjónarmiða sem máli skipta

Starfið að innleiðingu stefnunnar á vettvangi allra fagsviða, stofnana og skrifstofa krefst markvissra aðgerða meðal annars hvað varðar færniþróun, greiningar og ráðgefandi efni. Í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2021–2024 er framkvæmd stefnunnar því lýst sem mikilvægri aðgerð undir markmiði g um að „Norræna ráðherranefndin [eigi] að stuðla að góðri heilsu og velferð allra undir formerkjum jafnréttis og öryggis“. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa ennfremur ákveðið að veita 4,4 m.ða.kr. yfir fjögurra ára tímabil til að „sambætta og innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og málefna barna og ungmenna í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar“.

Sambætting jafnréttis í stýriskjölum og markmiðum

Í kaflanum sem hér fer á eftir er kynnt hvernig sjónarmið jafnréttis hafa verið sambætt í stýriskjölum fagsviðsins og hvaða markmið hafa verið sett í því skyni að efla jafnrétti.

Jafnréttissjónarmið eru sambætt í mörgum af samstarfsáætlunum fagsviðanna. Hjá fagsviðum um **fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)** er jafnrétti nefnt í samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2017–2020. Jafnréttismál njóta forgangs á sviði skógræktar og þar er unnið að því með virkum hætti að sambætta jafnrétti í verkefnum, starfsaðferðum og stýriskjölum. Samkvæmt stefnumótandi áætlun sviðsins fyrir tímabilið 2018–2021 er jafnrétti í brennidepli í einu af fimm verkefnum þess tímabils. Markmið verkefnisins er að efla jafnrétti og samfélagsþátttöku svo að jöfnuður verði sambættur starfsaðferðum á sviði norrænnar skógræktar. Í langtímastefnu skógræktarsviðsins – Nordic Forest Solutions¹ – eru jafnréttismál einnig nefnd sem mikilvægt aðgerðasvið.

Í samstarfsáætlun ársins 2019 fyrir svið **menntamála og rannsókna (MR-U)** kemur fram að í samstarfinu sé lögð áhersla á sjónarmið jafnréttis og fjölbreytileika. Markmið samstarfsáætlunarinnar er að veita menntun í góðu námsumhverfi þar sem öll börn og ungmenni, drengir jafnt sem stúlkur, geta dafnað andlega og líkamlega, þar sem áhrif félagslegs uppruna dvína og öllum gefst tækifæri til að læra og þroskast til æviloka. Ný samstarfsáætlun MR-U frá nóvember 2019, þar sem línur eru lagðar fyrir samstarf ráðherranna á sviði menntamála, rannsókna og tungumála, byggir á stefnumótandi þróunarvinnu sem farið hefur fram á sviðinu. Þar kemur fram að enn sé unnið að því að sambætta sjónarmið jafnréttis, sjálfbærni og málefna barna og ungmenna í verkefnum.

Í samstarfsáætlun á sviði **félags- og heilbrigðismála (MR-S)** kemur fram að hornsteinar samstarfsins á sviðinu séu hin sameiginleg gildi norrænu þjóðanna sem norræna velferðarkerfið byggir á. Velferðarþjóðfélögin á Norðurlöndum eiga að tryggja að allir einstaklingar njóti jafnra tækifæra, félagslegrar samheldni og öryggis án tillits til kyns, uppruna, trúarbragða, lífsskoðunar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Markmið MR-S er að sjónarmið jafnréttis verði sambætt í öllum samstarfsverkefnum um málefni fatlaðs fólks. Í starfi að hinum ýmsu málefnum skal kynna og ræða þann mun á körlum, konum, stúlkum og drengjum sem skipt getur máli. Í samstarfinu er leitast eftir jafnvægi milli kynja í sérfræðingahópum.

Á sviði **sambættingar** fer fram áframhaldandi vinna að sambættingaráætlun fyrir tímabilið 2022 til 2024 og á áætlunin að greiða fyrir þróun félagslega sjálfbærs samfélags gegnum það hlutamarkmið að norrænt samstarf stuðli að því að auka jöfnuð karla og kvenna hvað varðar atvinnuþátttöku. Sambætting og aðlögun kvenna er veigamikil forgangsmál í áætluninni. Því eru stöðugt sett markmið sem hafa aðlögun kvenna að leiðarljósi. Það er gert með því að velja fagleg

¹ <https://nordicforestresearch.org/wp-content/uploads/2018/09/NFS-A5-A4-final.pdf>

þemu (fyrir skýrslur, stafræn málþing og verkefni) sem saman stuðla að auknu jafnrétti. Nýleg þemu eru meðal annars aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði og neikvætt félagslegt taumhald.

Svið vinnumála (MR-A) nefnir líka jafnrétti sem eitt af sínum áherslusviðum sem eigi að efla jöfnuð og jafnrétti á vinnumarkaði. Sjónarhorn jafnréttis er einnig nefnt í fjárhagsáætlun MR-A fyrir 2020.

Á **sviði orkustefnu (MR-VÆKST)** er sjónarmið jafnréttis einnig að finna í samstarfsáætlunum, fjárhagsáætlun, erindisbréfum Norrænna orkurannsókna og í verkefnalýsingum þar sem það þykir við hæfi. Norrænar orkurannsóknir hafa skilgreint framtíðarsýn og markmið í jafnréttisstefnu sinni. Jafnréttismál eru líka tilgreind í samstarfsáætlun sviðs **atvinnustefnu (MR-VÆKST)** og í framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

Í samstarfsáætlun á sviði **byggðastefnu (MR-VÆKST)** kemur fram að samþætta skuli jafnréttissjónarmið í allri starfsemi. Í fjárveitingabréfi Nordregio er einnig kveðið á um að Nordregio vinni skipulega að samþættingu jafnréttis kynjanna í starfsemi sinni, bæði í áætlunum, verkefnum og innan stofnunarinnar í stjórnun og starfsmannabjónustu, til að efla gæði og vægi starfsins og rannsókna. Liður í framkvæmd samstarfsáætlunar á sviði byggðastefnu 2017–2020 er það markmið í fjárhagsáætlun ársins 2019 að verkefni og aðgerðir skuli ná jafnt til kvenna og karla, taka tillit til sjónarmiða barna og ungmenna og stuðla að efnahags-, félags- og umhverfislega sjálfbærri þróun.

Stefna **fagsviðs menningarmála (MR-K)** rennur sitt skeið á enda 2020 og er nú unnið að gerð nýrrar samstarfsáætlunar á sviðinu. Markmið fyrir nýju samstarfsáætlunina verða samþykkt haustið 2020. Í fjárveitingarbréfum stofnananna eru jafnréttismál tiltekin sem þverlæg áhersla. Samkvæmt fjárveitingarbréfunum skuldbinda stofnanirnar sig til að vinna markvisst að því að fylgja eftir ákvörðun samstarfsráðherranna (MR-SAM) um samþættingu jafnréttissjónarmiða við undirbúning og framkvæmd.

Undir tíunda markmiði framkvæmdaáætlunar fyrir framtíðarsýnina er fagsvið **stafrænnar væðingar (MR-DIGITAL)** með verkefni sem gengur út á að beina aukinni athygli að stafrænum gjám og ójöfnuði, til dæmis með því að fylgjast með og styðja við þróun stafrænnar færni og efla fjölbreytileika og gagnsæi í þeim gögnum sem nýtt eru í stafrænar lausnir.

Fagsvið **sjálfbærrar þróunar (MR-SAM)** vísar í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun, „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“², og starf ráðherranefndarinnar að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fram til ársins 2030. Jafnréttismál eru nefnd í fimmta heimsmarkmiðinu. Í áætluninni um sjálfbæra þróun er jafnrétti sagt vera hornsteinn norrænna velferðarkerfisins og markmið sem fylgja eigi sérstaklega eftir. Jafnréttismál gegna einnig lykilhlutverki í áætluninni „Generation 2030“ og er ætlunin að samþætta þau í áætluninni í heild.

Greiningar og þekkingarþörf

Þar sem jafnréttismál njóta forgangs samkvæmt mörgum stýriskjöllum á sviðinu er talið þýðingarmikið að mörg fagsviðanna vinni greiningar og rannsóknir til að finna stærstu áskoranirnar á sviði jafnréttismála. Í kaflanum sem hér fer á eftir er greint frá því hvernig ljósi er varpað á vandamál tengd tilteknum fagsviðum með greiningum og rannsóknum og hvernig fagsviðin nota talnagögn í jafnréttisstarfi sínu.

Varpað er ljósi á vandamál sem tengjast tilteknum fagsviðum með greiningum og rannsóknum

MR-DIGITAL vísar í rannsókn NIKK frá 2020 á kynjahlutföllum í verkfræði- og raunvísindagreinum. Fram kemur að einnig gæti verið áhugavert að rannsaka eða vinna tölfræði út frá gögnum sem notuð eru við þróun nýrra tæknilausna, svo sem gervigreindarlausna, út frá sjónarmiðum jafnréttis til að forðast ójafnt kynjahlutfall og annað sem valdið getur

² <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1292584&dswid=8195>

mismuni og misvægi í stafrænum lausnum. Tryggja þarf jafnrétti við þróun tæknilausnanna en ekki síður í þeim gögnum sem nýtt eru við þróun þeirra.

MR-A vinnur einnig að verkefninu *Digitalisering og teknologiens betydning for mennesker med funktionshindringer* („Stafræn væðing og þýðing tækninnar fyrir fólk með fötlun“). Verkefninu er ætlað að kortleggja og dreifa þekkingu um stafrænar lausnir og aðrar tæknilausnir sem veita fólki með fötlun aukin tækifæri á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Verkefnið hefur líka jafnréttisvinkil og er því meðal annars ætlað að kanna hvort karlar og konur hafi ólík tækifæri til að nýta sér stafrænar lausnir og tæknilausnir og hvað valdi þá þeim mismun. Lokadagsetning verkefnisins er 31. desember 2020. Að auki hefur MR-A ýtt úr vör rannsókn á aðstæðumkvenna af erlendum uppruna sem eiga rétt á þátttöku í verkefnum sem snúast um aðlögun og að fóta sig í samfélagi og á vinnumarkaði, en sem eru af einhverjum ástæðum ekki skráðar hjá neinni opinberri vinnumiðlun í Svíþjóð eða svipuðum stofnunum í hinum norrænu löndunum. Í rannsókninni er skoðað hvað einkennir þennan hóp, hvaða áhætta fylgir því að taka ekki þátt í áætlunum af þessu tagi og einkum hvaða aðilar bjóða upp á verkefni fyrir þennan hóp, aðrir en vinnumiðlanir og svipaðar stofnanir sem þegar bjóða upp á áætlanir um aðlögun og það að fóta sig í samfélagi og á vinnumarkaði. Að auki beinir rannsóknin sjónum að leiðum til þess að rjúfa einangrun þessa hóps.

Í ljósi heimsfaraldurs Covid-19 leggur **MR-A** nú drög að verkefni um samannburðarrannsókn á hinum ýmsu aðgerðum sem norrænu löndin hafa ráðist í vegna heimsfaraldursins. Undir formerkjum sama verkefnis á að rannsaka einhver hinna langvinnu áhrifa sem heimsfaraldurinn og afleiddar aðgerðir munu hafa á ýmsa þjóðfélagshópa, meðal annars með tilliti til kyns.

Fagsvið um **atvinnustefnu (MR-VÆKST)** vísar í greininguna „Jämsköllad innovation & näringsliv“ („Jafnrétti í nýsköpun og atvinnulífi“), sem er jafnréttismiðuð greining á norrænum nýsköpunargeira og atvinnulífi. Í greiningunni er bent á að ekki sé til að dreifa neinni stefnu um samþættingu jafnréttissjónarmiða á sviðinu og því sé þörf á að stýra samþættingu jafnréttis kerfisbundið við stefnumótun, í áætlunum og verkefnum.

Svið **samþættingar** upplýsir að fyrst og fremst sé til tölfraði yfir atvinnuþátttöku karlkyns og kvenkyns innflytjenda. Í rannsókninni „Nordic integration and settlement policies for refugees: A comparative analysis of labour market integration outcomes (2019)“³ er kyn meðal annars tiltekið sem breyta í greiningunni. Ennfremur er vísað í kortlagningu Rambøll á neikvæðu félagslegu taumhaldi í norrænu löndunum og þeim stefnum og aðgerðum sem geta unnið á þessum jafnréttisvanda, einkum hvað varðar konur. Kortlagningin var kynnt þann 15. júní 2020 og er fyrsta skrefið að því að kanna hvort unnt sé að setja fram samnorræna skilgreiningu á þessum vanda.

Fagsviðin nota talnagögn til þess að varpa ljósi á kynjatengdar tilhneigingar

MR-U vísar í norrænan gagnagrunn um hagtölur þar sem kynjaskipting í norrænu löndunum er höfð með sem breyta hvað varðar tölur um ótímabær dauðsföll, frammistöðu í PISA, fjölda fólks sem lýkur mennta- eða iðnskólanámi eða æðri menntun, skiptingu háskólanema eftir fögum, fjölda háskólanema erlendis sem þiggja námsstyrki frá heimalandinu og menntunarstig almennings í löndunum. Ennfremur er vísað í umfjöllun um hæfni framtíðarinnar á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, en þar má finna tölfraði um menntamál.⁴

Fagsvið **sjálfbærrar þróunar** hefur breitt sjónarhorn og þar má finna ýmiss konar tölfraði varðandi jafnrétti. Hún er aðgengileg á Nordic iLibrary. Auk þess er bent á greininguna *Nordic Businesses and the 2030 Agenda - Global Compact Nordic Survey 2019*, sem fjallar meðal annars um þau áhrif sem fyrirtæki telja sig hafa þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Greiningin sýnir að fyrirtæki segjast hafa tiltölulega mikil áhrif hvað varðar fimmta heimsmarkmiðið um jafnrétti

³ <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1306724/FULLTEXT01.pdf>

⁴ <https://www.norden.org/is/haefni-i-framtidinni>

kynjanna. 35 prósent fyrirtækjanna sem tóku þátt í rannsókninni svara á þá leið að fimmta heimsmarkmiðið sé eitt þeirra sviða sem þau hafi áhrif á.

MR-K vísar í skýrslu Kulturanalys Norden frá 2020, „*Folkbibliotek i Norden*“, þar sem kynjahlutföll lánþega á almenningubókasöfnum voru meðal annars könnuð. Niðurstaðan var að skortur væri á slíkur gögnum í mörgum norrænu landanna. Kulturanalys Norden lagði því til að norrænu löndin hefðu framvegis aukið samráð um að skilgreina jafnréttistengd gögn og gera þau aðgengileg starfsfólki á almenningubókasöfnum, einkum hvað snerti lánþega og ársverk.

Fagsvið orkustefnu (MR-VÆKST) greinir frá því að í tengslum við starfið að jafnréttismálum í orkurannsóknum hafi Norrænar orkurannsóknir meðal annars hagnýtt tölfræði um kynjahlutföll verkefnastjóra. Sú vinna fer meðal annars fram á vegum Nordic Energy Equality Network (NEEN). Þátttakendur eru frá öllum norrænu löndunum og af öllum sviðum orkugeirans (háskólasamfélagi, iðnaði og opinberum geira). Markmið samstarfsnetsins er að efla stöðu kvenna, auka fjölbreytni í orkugeiranum og stuðla að þátttöku allra í umskiptum til endurnýjanlegrar orku.

MR-FJLS greinir frá því að til sé heilmikil tölfræði um landbúnað og skógrækt en minna um fiskveiðar, fiskeldi og matvæli, og telur að akkur væri í því að safna meiri og betri tölfræði fyrir norrænu löndin á þeim sviðum. Sé litið til sjávarútvegsins virðist fátt um konur en sé fisk- og skelfiskiðnaður skoðaður sérstaklega sést að hlutdeild ungra kvenna í greininni fer vaxandi, sem er meðal annars í takt við fleiri námsleiðir á sviði fiskveiða og -eldis þar sem konur eru einnig í meirihluta. Ýmis úrlausnarefni bíða í matvælageiranum, ekki síst í veitingabransanum þar sem norræn samstarfsnet hafa upplýst um stórfelldar áskoranir tengdar kynferðislegri áreitni gagnvart konum.

Kyn og kynjahlutfall í verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar

Vinna fagsviðanna að jafnréttismálum er innleidd með margvíslegum hætti gegnum verkefni, styrkjaáætlanir og aðra starfsemi. Í kaflanum sem hér fer á eftir er kynnt hvernig fagsviðin innleiða jafnréttissjónarmið í verkefni sín og verkefnaferla og greint frá kynjahlutfalli í verkefnahópum.

Mörg fagsviðanna leitast við að gæta jafnréttissjónarmiða við undirbúning, framkvæmd og skýrslugjöf verkefna

Fagsvið atvinnustefnu (MR-VÆKST) greinir frá því að Norræna nýsköpunarmiðstöðin hafi innbyggt markmið þess efnis að huga skuli að jafnrétti við undirbúning, hönnun og framkvæmd áætlana. Jafnrétti er í brennidepli hjá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni og í umsóknum um verkefnastyrki og leiðbeiningum kemur fram að við framkvæmd verkefna skuli leggja áherslu á jafnrétti. Í því felst meðal annars að kynjahlutföll á viðburðum eiga að vera jöfn. **Fagsvið orkumála (MR-VÆKST)** nefnir að af formönnum í vinnuhópum fagsviðsins séu þrír kvenkyns og einn karlkyns. Í hópi verkefnastjóra og ritara vinnuhópa er ein kona og þrír karlar. Hjá Norrænum orkurannsóknum er hlutfall kvenna 50% og karla 50%.

MR-K greinir frá því að skipað sé í stjórnir, nefndir og sambærilega hópa út frá sjónarmiðum jafnréttis. Í stjórnum stofnananna er gerð sú krafa að stefnt sé að jöfnum hlutföllum kynja. Hjá Norrænu menningargáttinni eru níu konur og sex karlar. Kynjahlutföll eru jöfn í stjórn stofnunarinnar og meðal verkefnastjóra. Norræni menningarsjóðurinn hefur myndað samstarfsnet sérfræðinga um öll Norðurlönd. Sérfræðingarnir gefa sérfræðiálit um umsóknir sem berast sjóðnum og taka þátt í stefnumótun hans. Eins og er samanstendur sérfræðingahópur sjóðsins af ellefu konum og ellefu körlum. Við val á nýjum meðlimum í stjórn Norræna menningarsjóðsins er lögð áhersla á að skipan stjórnarinnar endurspegli fjölbreytileika norrænu landanna, meðal annars hvað kyn snertir.

MR-S greinir frá því að kynjahlutföll verkefnastjóra séu 2/3 konur og 1/3 karlar. Í danska formennskuverkefninu „Sjálfbært félagsstarf ungmenna á Norðurlöndum“ er hlutfallið um það bil 1/4 karlar og 3/4 konur.

Fagsvið **sjálfbærrar þróunar (MR-SAM)** greinir frá því að í viðmiðunarreglum áætlunarinnar „Generation 2030“ fyrir jafnrétti kynjanna sé kveðið á um að stefna skuli að jöfnum hlutföllum kynja í vinnuhópum á vegum áætlunarinnar. Þetta á að tryggja við upphaf verkefnis.

Vinnuhópar **umhverfis- og loftslagssviðs (MR-MK)** vinna með sjónarmið jafnréttis í mismiklum mæli í öllum umsóknum um verkefnastyrki er greint frá því hvort verkefnið stuðli að jafnrétti og hvernig. Í þeim tilvikum sem verkefni hafa enga beina tengingu við jafnréttismál er meiri áhersla lögð á kynjahlutföll vinnuteymisins. Vinnuhópar gefa ekki upp nákvæmar tölur um kynjahlutföll verkefna, en áætla að hlutföllin hafi verið nokkuð jöfn. Nokkrir verkefnastjórnanna hafa samið nýtt, sameiginlegt umsóknareyðublað fyrir árið 2020 þar sem umsækjandi er beðinn að segja frá því hvernig verkefnið stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.

Fagsviðin eru jákvæð gagnvart þeim áhrifum sem verkefni á þeirra vegum hafa á jafnrétti á Norðurlöndum

Fagsvið **sambættingar** segir frá því að aðstoð við konur af erlendum uppruna til að fóta sig á vinnumarkaði sé mikilvægt velferðarmál fyrir norrænu löndin. Norræna velferðarkerfið grundvallast á þátttöku kvenna og karla á vinnumarkaði, sem kallar á sérstakar aðgerðir til að auka þátttöku kvenna.

Fagsvið **atvinnustefnu** væntir þess að verkefni á vegum Norrænu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar stuðli að auknu jafnrétti almennt og telur að verkefni með þátttöku norrænna atvinnulífs- og nýsköpunarstofnana muni auka hlut kvenna í nýsköpun á Norðurlöndum.

Svið orkustefnu og Norrænar orkurannsóknir leitast við að gæta jafnréttis í öllum verkefnum og starfsemi Norrænna orkurannsókna og vonast til að glöggva sig þannig betur á hinni fjölbreyttu flóru hæfra og faglegra kvenna í geiranum.

MR-K telur að verkefni sviðsins stuðli að jafnrétti með því að hafa jafnvægi og jafnrétti til hliðsjónar þegar skipað er í pallborð og umræðuhópa. Að auki er metið jafnt og þétt hvort færi gefist á að brjóta upp staðalmyndir um „kynjaðar“ starfsgreinar. Stofnunin metur alla listviðburði, pallborð og ráðningar á fyrirlesurum með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum. Sama á við um val mynda til notkunar í auglýsingum, á samfélagsmiðlum og heimasíðunni. Áhersla er lögð á að list, menning, samfélagsumræða og skipulag stofnunarinnar stuðli að því að auka jafnrétti í reynd.

Lokaorð

Niðurstaða jafnréttisskýrslu þessa árs er að jafnréttismál séu áfram mikið forgangsmál á mörgum fagsviðum, þar sem jafnrétti er nefnt sem mikilvægt áherslusvið í stýriskjöllum og samstarfsáætlunum flestra sviða. Mörg fagsviðanna vinna af þessum sökum greiningar og tölfræði til að glöggva sig á því hvar þörfin sé mest fyrir sérstakar aðgerðir sem stuðlað geti að jafnrétti. Skýrsla ársins sýnir einnig að sum sviðanna telja sjónarmið jafnréttis, málefna barna og ungmenna og sjálfbærni mikilvæg með hliðsjón af því að samþætta þá framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Fylgiskjal/-skjöl

Fylgiskjal 1: Dæmi um verkefni sem efla norræna jafnréttissamstarfið 2020

- Fagsvið **sjálfbærrar þróunar** vinnur sem stendur að greiningu undir yfirskriftinni „A just transition toward sustainable future“, þar sem kannað er hvaða áhrif hin grænu umskipti hafa á efnahags- og menningarlegan ójöfnuð. Í greiningunni verður litið til ójöfnuðar út frá einstaklingum og hópum – með hliðsjón af kyni – og áhrifa af hinum ýmsu grænu aðgerðum.
- Nordplus styrkir fjölda stórra og smárra verkefna með áherslu á jafnrétti. Dæmi um slíkt verkefni er „Girls just wanna have fun-damental IT skills“, sem hefur það að markmiði að auka hlut kvenkyns nemenda í skapandi háskólagreinum innan upplýsingatækni. Í því felst meðal annars að leggja áherslu á aðlögun ungra kvenna með ýmiss konar bakgrunn, svo sem úr hópi flóttafólks og innflytjenda.
- Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur með virkum hætti að jafnréttismálum innan frumkvöðlastarfsemi. Þar felst áskorunin í því að færri konur en karlar stofna sín eigin fyrirtæki og að konurnar eiga oftari erfiðleikum með að afla stofnfjár. Árið 2019 ýtti Norræna nýsköpunarmiðstöðin verkefni úr vör, í samstarfi við samtök og stofnanir atvinnulífsins í löndunum, sem ætlað var að styðja við frumkvöðla úr hópi kvenna á Norðurlöndum.
- Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) hafa ýtt úr vör verkefni sem ætlað er að kortleggja kynjavakinn í norrænni skógrækt.
- Í skýrslu Árna Páls Árnasonar um stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi um félagsmál er meðal annars lagt til að leiða fram heppileg samstarfsverkefni milli fagsviða félags-, jafnréttis- og vinnumála sem snúi að aðstæðum jaðarsettra karla með tilliti til atvinnu- og samfélagsþátttöku. Í skýrslunni er einnig að finna tillögu um miðlun þekkingar og reynslu hvað snertir ráðningar starfsfólks í umönnunargeira, meðal annars hvernig gera megir störf sem snúa að umönnun aldraðra meira aðlaðandi fyrir bæði karla og konur. Auk þess inniheldur skýrslan tillögu um að miðla reynslu af aðgerðum til að stuðla að þátttöku ungra karla og kvenna í námi og á vinnumarkaði á strjálbýlum svæðum (tillaga 13 um strjálbýl svæði).
- Ýmis þeirra menningar- og listaverkefna sem hlotið hafa styrki hafa jafnrétti sem þema, sum með því að þróa aðferðir og færni en önnur með því að setja fram gagnrýna túlkun á samtímanum. Dæmi um verkefni þar sem kannaðar eru leiðir til aukinnar samþættingar sviðslista og fræðasamfélagsins í norrænu löndunum, auk þess að þróa aðferðir og þekkingu norrænna ungmenna um kvenleika á sviði, er verkefni sviðslistahópsins PotatoPotato Scenkonst, „Girling Together: A Dialogue“.

Sjálfbær þróun (MR-SAM)

Menntamál og rannsóknir (MR-U)

Atvinnustefna (MR-VÆKST)

Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Menningarmál (MR-K)

Fylgiskjal 2: Verkefni og aðgerðir undir formennsku Danmerkur í MR-JÄM

Vegna Covid-19 hefur þurft að aflýsa eða fresta fjölda verkefna sem átti að hrinda í framkvæmd seint á árinu 2020 og fram á 2021. Gerð verður grein fyrir þeim verkefnum sem hefur verið frestað í skýrslu ársins 2021.

- Í febrúar var efnt til málþings um nýtingu færeyskra feðra á fæðingarorlofi í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum í samstarfi við færeyska félagsmálaráðuneytið. Færeyski félagsmálaráðherrann, sem ber ábyrgð á jafnréttismálunum, og færeyski vinnumálaráðherrann ræddu saman á viðburðinum sem var sóttur af sérfræðingum frá öllum norrænu löndunum.
- Í nóvember er vestnorrænt málþing um ofbeldi í nánum samböndum fyrirhugað í Nuuk á Grænlandi með þátttöku grænlenks fagfólks og sérfræðinga. Ákveðið hefur verið að alþjóðlegir þátttakendur í málþinginu verði ekki á staðnum. Norrænu löndin flytja erindi og taka þátt í málþinginu gegnum fjarfundabúnað. Danmörk hefur boðið ýmsum norrænum þátttakendum og fyrirlesurum, meðal annars Samaráðinu og fulltrúum frá lénstjórn Västerbotten, sem flytja erindi undir yfirskriftinni „Violence Prevention Västerbotten – Gender equality perspectives on Violence prevention in rural areas“. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við grænlenks heilbrigðisyfirvöld og grænlenksa jafnréttisráðið.
- Á árinu 2020 var unnið að kortlagningu á netsamfélögum þar sem ungir karlar koma saman í nafni andstöðu við jafnrétti og jöfn réttindi kvenna – einnig nefnt „the manosphere“. Fyrstu drög að norrænu skýrslunni verða send til umsagnar EK-JÄM í október. Endanleg útgáfa skýrslunnar liggur fyrir í byrjun nóvember. Kortlagningin verður kynnt á alþjóðlegum kynningarviðburði þann 25. nóvember.

Jafnréttismál og
LGBTI(MR-JÄM)

Fylgiskjal 3: Rit sem komu út á árinu 2020 og í lok árs 2019


Skýrsla: State of Nordic Fathers⁵

Í „State of Nordic Fathers“ er grafið fyrir um ástæður þess að norrænir feður noti aðeins 10–30 prósent af því heildarorlofi sem þeir eiga rétt á og bent á mögulegar leiðir til að auka þátt feðranna í umönnun barna og orlofstöku. Tíu lykilniðurstöður skýrslunnar varpa ljósi á það að áhugi feðra er lykilatriði í jafnrétti kynjanna og að margt greinir feður sem tekið hafa langt orlof frá þeim sem ekkert hafa tekið. „State of Nordic Fathers“ byggir á könnun á afstöðu 7.515 karla og kvenna, aðallega foreldra, í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, um vinnuna sem felst í umönnun barna, fæðingarorlof, staðalmyndir karlmennskunnar og tengingu við vinnumarkaðinn.



The Nordic road towards Beijing+25⁶

Á meðan Sameinuðu þjóðirnar ráðast í og ljúka alþjóðlegri úttekt sinni á Peking-áætluninni inniheldur þessi skýrsla samantekt á matsskýrslum norrænu landanna fimm í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá kvennaráðstefnu SP í Peking. Í skýrslunni er greint frá þeim framförum sem orðið hafa hingað til – norrænu leiðinni að Peking+25. Mikilvægt er að skýrslan greinir hinar raunverulegu horfur fyrir jafnrétti kynjanna og bendir á þau svið þar sem sóknarfæri er að finna: í atbeina ungs fólks, nálgun og hugsunarhætti sem lítur til samvinnunar mismunabreyta og í áhuga karla og drengja á því að koma á jafnrétti.



Skýrsla: Sexuellt trakasserad på jobbet⁷

Kynferðisleg áreitni er alvarlegt samfélagslegt vandamál á norrænum vinnumarkaði eins og #metoo-bylgja haustsins 2017 sýndi fram á. Þetta er yfirlit yfir rannsóknir sem unnið var fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál. Markmiðið með gerð yfirlitsins er að greina frá því sem vitað er um kynferðisáreitni á vinnumarkaði í norrænu löndunum og að skilgreina þekkingarþörf til grundvallar norrænu rannsóknarverkefni á sviðinu. Vinnan byggir á könnun á þeim margvíslegu myndum sem kynferðisáreitni getur tekið á sig á starfsævi fólks. Könnunin sneri að mismunandi atvinnugreinum, faglegum aðstæðum, samskiptum kollega og fundum með viðskiptavinum, sjúklingum og skjólstæðingum. Rannsóknayfirlitið byggir á kerfisbundinni yfirferð á rannsóknaniðurstöðum og öðru útgefnu efni sem máli skiptir frá norrænu löndunum á tímabilinu 2014–2019.



⁵ <https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1367228&dswid=-7166>

⁶ <https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1396786&dswid=-1767>

⁷ <https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1429711&dswid=-9061>


Fylgiskjal 4: Tölfræðilegt yfirlit um kynjahlutfall í norrænu samstarfi

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hefur það að markmiði að vera vinnustaður þar sem starfsskilyrði henta bæði konum og körlum. Bæði kyn skulu búa við sömu tækifæri til að ná starfsframa og gæta jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Leitast er við að kynjahlutfall starfsfólks á öllum sviðum sé 40% á móti 60% eða jafnara. Gerð er krafa um að skrifstofan geri grein fyrir kynjahlutfalli starfsfólks á öllum sviðum.

Eftirfarandi myndir sýna hlutföll karla og kvenna á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og í embættismannanefndunum. Tölfræðin er fengin frá mannauðssviði skrifstofunnar og af listum yfir sitjandi fulltrúa í embættismannanefndunum.

Vaxandi hlutfall karla í þjónustu-, stjórnunar- og ritarastörfum

Mynd 1: Kynjahlutfall starfsfólks Norrænu ráðherranefndarinnar 2020




Síðan jafnréttisskýrsla ársins 2019 kom út hefur hlutfall karla í þjónustu- og ritarastörfum farið vaxandi. 2019 var hlutfall karla þar 20% og kvenna 80%, en 2020 er hlutfall karla 22% og kvenna 78%. Þessi störf eru þó enn á meðal þeirra þar sem kynjahlutfallið er hvað ójafnast. Langmest ber á milli í kynjahlutfalli stjórnunar- og deildarritarastarfa: Árið 2020 er hlutfall karla 9% en 2019 var það 0%. Meðal ráðgjafa og aðalráðgjafa hefur hlutur kvenna minnkað um 3% en hlutur karla stigið um 3%. Árið 2019 var jafnt hlutfall kynja meðal deildarstjóra. Árið 2020 er hlutfall kvennanna orðið 67% konur og karlanna 33%. Í skýrslu ársins var flokkunum „Framkvæmdastjóri“ og „Skrifstofustjóri í Eystrasaltsríkjunum“ slegið saman. Aðeins er um eina framkvæmdastjórstöðu að ræða og þrjár stöður skrifstofustjóra í

Eystrasaltsríkjunum, sem gerir að verkum að kynjahlutfall hvors flokks um sig getur aldrei orðið jafnt. Á heildina litið starfa nú 58% konur og 42% karlar á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar á norrænum kjörum.

Fleiri embættismannanefndir með jafnt hlutfall kynja en árið 2019

Mynd 2: Kynjahlutfall embættismannanefndanna og NORDBUK



Í sex af 16 embættismannanefndum er kynjahlutfallið 40% á móti 60% eða enn jafnara. Í fjórum þessara sex embættismannanefnda er kynjahlutfallið jafnt; 50% konur og 50% karlar. Þetta eru embættismannanefndirnar um umhverfis- og loftslagsmál, landbúnað og skógrækt, vinnumál og menntamál og rannsóknir. Kynjahlutfallið er ójafnast í embættismannanefndunum um jafnréttismál og LGBTI, efnahags- og fjármálastefnu og atvinnustefnu, þar sem konur eru í meirihluta. Í embættismannanefndinni um jafnréttismál og LGBTI er misvægi kynjanna mest, þrátt fyrir að einmitt sú nefnd beri meginábyrgð á starfinu að jafnréttismálum. Í embættismannanefndinni um atvinnustefnu var jafnt kynjahlutfall árið 2019, 50% á móti 50%, en 2020 er hlutfall kvenna 87% og hlutfall karla 13%, eða sjö konur á móti einum karli. Í embættismannanefndinni um matvæli voru karlar í meirihluta 2019, 64% á móti 36%, en 2020 eru konur í 60% meirihluta á móti 40% minnihluta karlanna. Í embættismannanefndinni um dómsmál var jafnt kynjahlutfall 2019 en 2020 hefur myndast misvægi þar sem hlutfall kvenna er 38% en karla 63%. Í Norrænu barna- og ungmennanefndinni (NORDBUK) hefur hlutur karla aukist úr 30% árið 2019 í 38% árið 2020.

Almennt séð er kynjahlutfall nú orðið jafnt í mörgum nefndum. Í öðrum nefndum hefur orðið gagnstæð þróun á þá leið að málaflokkar þar sem karlar voru áður í meirihluta eru nú skipaðir fleiri konum en körlum. Í enn öðrum nefndum hefur hlutur karla aukist.

Fylgiskjal 5: Stefna um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar

Sjálfbær þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna eiga að vera rauður þráður í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Samþætting þessara sjónarmiða (stundum kölluð „mainstreaming“) er forsenda þess að ná markmiði [framτίðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar](#) um að Norðurlönd verði „sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030“.

Í framkvæmd þýðir þetta að sjálfbær þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna eiga að móta allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar með kerfisbundnum hætti. Þessi sjónarmið skal hafa til hliðsjónar á öllum stigum undirbúnings, ákvarðanatöku, framkvæmdar og mats á starfsemi. Ábyrgðin liggur hjá því starfsfólki og aðilum sem koma vanalega að starfinu.

Í þessari stefnu er gerð grein fyrir forsendum þess að framτίðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar (Framτίðarsýn okkar 2030) um grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlönd verði að veruleika. Þær forsendur hvíla á því að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar sé sjálfbær, á jafnréttisforsendum, öllum opin, að hún fari fram með þátttöku fulltrúa ólíkra hópa og sé aðgengileg. Í stefnunni er einnig lögð áhersla á afstöðu í anda alþjóðlegra skuldbindinga á borð við [heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun](#), [Kvennasáttmála SP](#) og [Barnasáttmála SP](#) – afstöðu sem er forsenda þess að ná norrænum sjálfbærnimarkmiðum um að enginn verði skilinn útundan.

SJÁLFBÆR ÞRÓUN, JAFNRÉTTI OG SJÓNARMÍÐ RÉTTINDA BARNA OG MÁLEFNA UNGMENNA

Hin þrjú þverlægu sjónarmið sem samþætta á í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar eru sjálfbær þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna. Hér er kynnt í stuttu máli hvað felst í því að samþætta þessi sjónarmið í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

- **Sjálfbær þróun:** Í samþættingu sjálfbærrar þróunar í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felst að kynna sér og taka tillit til þeirra samfélagslegu áhrifa sem hljóta af gerðum og ákvörðunum út frá félagslegum, efnahagslegum og vistfræðilegum hliðum sjálfbærrar þróunar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 vísa okkur veginn, fyrst og fremst í heild sinni en einnig gegnum stök markmið og hlutamarkmið þeirra.
- **Jafnrétti:** Í samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felst að kynna sér og taka tillit til þess hvernig ákvarðanir og gerðir hafa mismunandi áhrif á konur og karla. Það þýðir að hver og einn á að stuðla að því í sínu starfi að konur og karlar hafi jafnmikið vald til að móta samfélagið og eigið líf.
- **Sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna:** Í samþættingu á sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felst að kynna sér og taka tillit til þess

hvernig ákvarðanir og gerðir hafa áhrif á börn og ungmenni. Hagsmunir barnsins skulu liggja til grundvallar allri ákvarðanatöku. Í því felst einnig að hafa skal þekkingu og sjónarmið barna og ungmenna til hliðsjónar í starfinu.

Þessi þrenns konar ólíku sjónarmið bæði skarast og bæta hvert annað upp. Sjálfbær þróun er regnhlífarhugtak sem nær einnig yfir jafnréttismál og tækifæri barna og ungmenna til að auka kunnáttu sína og færni.

Sé litið til sjálfbærrar þróunar er vistfræðilega sjálfbær þróun í brennidepli á Norðurlöndum en við stöndum nú frammi fyrir miklum áskorunum á því sviði í tengslum við ósjálfbæra neyslu og framleiðslu, loftslagsbreytingar og vandamál tengd líffræðilegri fjölbreytni. Í þeirri baráttu þarf stöðugt að hafa sjónarmið félagslegrar og efnahagslegrar sjálfbærni til hliðsjónar svo að hægt sé að tala um sjálfbærni í reynd.

Í hinum félagslega þætti sjálfbærrar þróunar felst greinilegt sjónarmið fjölbreytni þar sem líta þarf til afleiðinga af ákvörðunum og þátttöku ólíkra þjóðfélagshópa út frá kyni, kynvitund eða kyntjáningu, aldri, fötlun, uppruna, trúarbrögðum, kynhneigð og félagslegum og efnahagslegum bakgrunni. Þegar hafa á til hliðsjónar jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna er mikilvægt að muna að konur og karlar, drengir og stúlkur eru ekki einsleitir hópar. Það að taka mið af greiningum og mati á mismunandi valdakerfum getur haft úrslitabýðingu í starfinu.

Hin þverlægu sjónarmið eru innbyrðis háð hvert öðru að ýmsu leyti. Til dæmis er mikilvægt út frá öllum þremur þverlægu sjónarmiðunum að líta til hinna mismunandi líf skjara sem drengir og stúlkur búa við. Norrænu forsætisráðherrarnir hafa í sameiningu bent á og viðurkennt mikilvægi jafnréttis sem grundvallarforsendu þess að unnt verði að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030⁸.

Auk þess að vera sjónarmið sem stöðugt skal samþætta í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar eru sjálfbær þróun, jafnrétti og réttindi barna og málefna ungmenna þýðingarmiklir málaflokkar í norrænu samstarfi. Mikilvægt er að hafa í huga að samþætta sjónarmiðin í öllum tilfellum – líka í verkefnum sem þegar eru á sviði sjálfbærrar þróunar, jafnréttis eða réttinda barna og málefna ungmenna eða hafa börn og ungmenni sem sérstakan markhóp.

Mikilvægi þess að líta til þessara sjónarmiða á breiðum grundvelli í starfi fagsviða og stofnana er því undirstrikað í þessari stefnu.

VINNULAG OG ÁBYRGÐ SEM VARÐAR NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINA Í HEILD

Samþætting sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar felur í sér að greina sitt eigið starf stöðugt út frá þessum sjónarmiðum og taka ákvarðanir út frá þeirri greiningu. Í framkvæmd getur þetta átt við undirbúning verkefnis eða ráðstefnu,

⁸ <https://www.norden.org/is/node/37458>

ákvarðanir um forsendur styrkveitinga og útteilingu styrkja, mótun verkefna fyrir samstarfsaðila eða mat á árangri og áhrifum herferðar eða verkefnis.

Meginábyrgð á framkvæmd stefnunnar er á herðum framkvæmdastjórans og ráðherranefndanna. Ábyrgð á því að samþætta sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar liggur hjá öllum sem starfa innan Norrænu ráðherranefndarinnar eða í umboði hennar, óháð starfssviði.

Þetta nær til:

- starfsfólks skrifstofunnar (deildarstjóra, ráðgjafa, ritara, verkefnastjóra, upplýsingaráðgjafa)
- starfsfólks stofnana og samstarfsstofnana ráðherranefndarinnar (yfirmanna stofnana, ráðgjafa, ritara, verkefnastjóra, upplýsingaráðgjafa)
- fulltrúa í nefndum
- verkefna sem hljóta styrk frá Norrænu ráðherranefndinni
- samstarfsaðila (til dæmis vísindafólks og sérfræðinga), ráðamanna og verktaka, og
- formennskulanda í hinum ýmsu ferlum og starfsemi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samþætting sem grundvallarregla byggir á þeirri hugmynd að fólk sem kann sitt fag og þekkir eigin verkferla sé best til þess fallið að greina þau sjónarmið sem máli skipta fyrir sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna á viðkomandi starfssviði.

SAMEIGINLEGAR GRUNNREGLUR FYRIR SAMÞÆTTINGU

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að vera *sjálfbær, á jafnréttisforsendum, öllum opin, með þátttöku fulltrúa ólíkra hópa og aðgengileg*. Til að samþætta megi þessi sjónarmið á jöfnum forsendum í öllum málaflokkum og starfsemi skal hafa eftirfarandi sameiginlegu grunnreglur til hliðsjónar fyrir samþættingu.

Öll fagsvið og stofnanir skulu:

- tryggja að þau búi yfir nægilegri *þekkingu og færni* til að starfa eftir stefnunni. Norræna ráðherranefndin vinnur stöðugt að því að tryggja framboð á fræðslu- og stuðningsefni til að þróa þá færni sem þarf til að starfa eftir stefnunni.
- vinna *mat á áhrifum og móta markmið fyrir árangur og starfsemi* sem nýta má í eigin starfi út frá sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna. Norræna ráðherranefndin tryggir að fagsviðin og stofnanirnar fái ráðgjöf í að framkvæma mat á áhrifum og móta markmið. Fagsviðin og stofnanirnar bera ábyrgð á framkvæmdinni.
- samþætta öll sjónarmiðin í *stefnumótandi skjölum sínum og stjórntækjum* á kerfisbundinn hátt sem styðji við daglegt starf.
- starfa *með markvissum hætti og stuðla að því að efla* sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna í norrænu samstarfi. Til að tryggja þetta ganga fagsviðin út frá mati sínu á áhrifum eigin starfsemi með hliðsjón af sjálfbærri þróun, jafnrétti og sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungmenna.
- tryggja *tímaramma og fjárhagsáætlun* á undirbúningsstigi til að greiða fyrir góðri samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna.
- leitast við að *jafnt hlutfall karla og kvenna* verði í hinum ýmsu nefndum, stýri- og ráðgjafarhópum (40–60 prósent) auk þess að *leitast með þaulhugsuðum áætlunum eftir aðkomu ólíkra hópa* á grundvelli annarra fjölbreytileikastjórnsýsla sem máli skipta.

- fylgja [Viðmiðunarreglum fyrir þátttöku barna og ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar](#) þegar börn og ungmenni koma að starfinu
- tryggja að fundir og aðrir viðburðir séu *aðgengilegir* með tilliti til hreyfigetu þátttakenda. Leiðbeiningar þar að lútandi er að finna í riti ráðherranefndarinnar [Möten för alla – Råd och inspiration för tillgängliga konferenser, seminarier och arrangemang](#) (Fundir fyrir alla – Ráðleggingar og innblástur fyrir aðgengilegar ráðstefnur, málþing og viðburði). Einnig skal leitast við að hafa samskipti og upplýsingagjöf á skýru og aðgengilegu máli
- leitast eftir því við kaup og notkun á vöru og þjónustu að *velja vistvæna og félags- og efnahagslega sjálfbæra kosti*.

EFTIRFYLGNI OG MAT

Starfi Norrænu ráðherranefndarinnar á grundvelli stefnunnar verður fylgt eftir og það metið reglulega. Norræna ráðherranefndin gefur norrænu samstarfsráðherrunum (MR-SAM) og Norðurlandaráði skýrslu um framvindu starfsins á grundvelli stefnunnar annað hvert ár. Stefnan verður uppfærð eftir þörfum fjórða hvert ár í samræmi við aðgerðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Framtíðarsýn okkar 2030.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG STUÐNINGSEFNI

Frekari stuðning varðandi samþættingu má ávallt fá hjá ráðgjöfum innan málaflokka [sjálfbærrar þróunar](#), [jafnréttis](#) og [málefna barna og ungmenna](#). Einnig geta ráðgjafarnir bent á frekara stuðningsefni og úrræði sem komið geta að gagni í starfinu.